

Hamingjuleit

Hamingjan vex ekki á trjánum. Þó svo að kakóbaunir og vínber vaxi úti í náttúrunni og í sinni fjöldaframleiddu, endanlegu mynd komist nálægt því að líkjast hamingju fann ég hana ekki þar. Ég get ekki veitt hamingjuna í net eins og fiðrildi eða fiska. Ég get ekki kallað á eftir henni eins og hundi. Hvað þarf ég að gera til þess að ná mér í hana?

Ég hef leitað hamingjunnar á börum, í húsasundum og í rúmum ókunnugra. Ég fann hana ekki í botni bjórdósa og hún fjaraði út með síðasta loga sígarettunnar. Hún var ekki í stigagöngum fjölbýlishúsa þar sem ég beið hennar heilu næturnar.

Þegar ég var yngri var mér sagt að hamingjan kæmi með hverju því sem ég leyfði mér að njóta í hvert skipti. Það var ekki nógu gott fyrir mig. Þegar mér var lofað hamingjusömu lífi til æviloka greip ég tækifærið með báðum höndum. Til þess að öðlast þessa hamingju, eða öllu heldur finna prinsinn í skínandi herklæðunum sem myndi veita mér hana, yrði ég að koma mér upp safni af fallegum kjólum og temja mér skilyrðislausu undirgefni. Þetta gerði ég með glöðu geði enda var hamingjan rétt handan við hornið. Ég fann lyktina af nýslegnu grasi og gömlum bókum. Ég heyrði kraftmikla og hvetjandi tónlist sínfóníunnar þar sem víólurnar og trommurnar hljómuðu í fararbroddi. Ég sá ljómann af þúsundum gylltra blóma sem glitruðu í sólskininu aðeins til þess að vísa mér veginn. Ég fann prinsinn minn.

Hann gerði allt sem prins átti að gera til þess að leyfa mér að öðlast botnlausu og ótruflaða hamingju. Hann sýndi mér blíðu og kyssti mig þegar ég hafði ekki meðvitund. Hann sagði mér hvað ég átti að gera og hvernig. Honum líkaði best við mig þegar ég var raddlaus. Þegar honum fannst ég fjarlæg og týnd mátaði hann allar stelpurnar í ríkinu áður en hann fann mig aftur. Ég var nú einu sinni sú eina sem passaði. Oft sátum við á teppinu í stofunni og með hjálp ýmissa afla gátum við skoðað alveg nýjan heim. Hann var gjafmildur og deildi mér stundum með sex öðrum vinum sínum.

Ég vissi að ég ætti að vera hamingjusöm; ég hafði allt sem ég þurfti. Allt innihald uppskriftarinnar var komið og ég hafði fylgt henni fullkomlega, en hamingjan lét ekki sjá sig. Ég leitaði bakvið síðasta sopann í vodkafloeskum. Ég leitaði í rassvösum og ofan í buxum almættisins. Þar fann ég tímabundna hamingju en hún skildi mig eftir í enn svartara myrkri en fyrr.

Eftir að margir síðustu sopar höfðu brugðist mér í röð og öflin sem leyfðu mér að fljúga virkuðu ekki eins lengi, ákvað ég að hamingjan væri ekki inni hjá mér. Hún hlaut að vera úti í skógi því þar hafði ég aldrei leitað áður. Ég gekk að tré sem náði langt upp í loft. Hamingjan var þar efst; ég sá hana veifa til mín með glansandi brosi og sjúklegum augum. Ég hóf þá að klifra. Áður en ég vissi af hafði snákur hringað sig um háls mér eins og trefill. Ég vissi að hann væri ekki illur, hann vildi bara hjálpa og fá brot af hamingjunni svo ég leyfði honum að koma með.

Eftir langt klifur var ég komin alveg á toppinn, en hamingjuna var hvergi að sjá. Ég leit allt í kringum mig en svo virtist sem hún hafði yfirgefið mig einn einu sinni. Loks heyrði ég kallað á mig neðan af jörðinni. Þarna sat hamingjan í grasinu með strá í munni sér og benti mér á að koma niður. Mér þótti fremur ósanngjarnnt að ég þyrfti að klifra alla leiðina niður aftur svo hamingjan stakk upp á að ég gæti flogið. Ég vissi að ég gæti það, og ef ég væri alveg að detta myndi snákurinn grípa mig. Ég hoppaði niður úr trénu og sá hamingjuna koma hratt á móti mér. Hún var loksins mín.

En snákurinn greip mig.